



Áfanganúmer: ÍSLE2MV05

Prep: 2

Einingar: 5

Forkröfur: engar

Lýsandi heiti: Innangur að málvísindum.

Áfangalýsing:

Inngangsnámskeið í almennum og sögulegum málvísindum.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér almennar þekkingar og hafa skilning á:

- eiginleikum mannlegs máls og máltöku barna
- orðmyndun og beygingu
- setningum og setningahlutum
- eðli og hlutverki máhljóða
- fjölskyldum og undirflokkum tungumála
- málfræðihugtökum og notkun þeirra
- samtímalegum og sögulegum breytileika
- heimildum og ritmáli að fornu og nýju

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita fræðilegum hugtökum til að fjalla um tungumál
- greina orðhluta, uppbyggingu setninga og hljóðrita íslensku
- takast á við framandi tungumál á kerfisbundinn hátt
- lesa sér til um málvísindi og tungumál

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka þátt í upplýstri umræðu um eðli mannlegs máls og málstefnu
- auðvelda sér áframhaldandi tungumálanám með traustari og dýpri skilningi
- fylgjast með rannsóknum og umræðu um málvísindi í fræðilegu samhengi

Mat á hæfniviðmiðum

Námsmat byggir á skriflegu stúdentsprófi að vori (50%) og námseinkunn (50%) sem sett er saman úr frammistöðu á skyndiprófum (30%), jólaprófi (30%) og fjórum skilaverkefnum (40%).